

Reglur um afslátt af fasteignaskatti og holræsagjaldi hjá Sveitarféluginu Ölfusi.

Reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti og holræsagjaldi hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Sveitarféluginu Ölfusi 2017.

1. gr.

Tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Sveitarféluginu Ölfusi er veittur afsláttur af fasteignaskatti og holræsagjaldi, samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Ölfuss ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Rétt til afsláttar eiga íbúðareigendur í Sveitarféluginu Ölfusi sem búa í eigin íbúð og:

- a) eru 67 ára á árinu eða eldri.
- b) hafa verið útskurðaðir öryrkjar fyrir 1. janúar 2017.

Afsláttur nær einungis til þeirrar íbúðar sem viðkomandi býr í.

3. gr.

Tekjumörk eru sem hér segir:

| Tekjur einstaklinga árið 2016 | Tekjur hjóna árið 2016 | Niðurfelling |
|-------------------------------|-----------------------------|--------------|
| Allt að 2.825.000 | Allt að 4.248.000 | 100% |
| Milli 2.825.001 – 3.298.000 | Milli 4.248.001 – 4.889.000 | 75% |
| Milli 3.298.001 – 3.767.000 | Milli 4.889.001 – 5.537.000 | 50% |
| Milli 3.767.001 – 4.239.000 | Milli 5.537.001 – 6.182.000 | 25% |

Viðmiðunartekjur eru heildartekjur umsækjanda þ.e. tekjur sem mynda álagningarárinnar tekjuskatts, útsvars og fjármagnstekjuskatts eins og þessar tekjur voru á næsta ári á undan álagningarári.

III. Breyting á högum umsækjanda.

4. gr.

Hafi orðið veruleg breyting á högum umsækjanda er heimilt að víkja frá 2. gr. þessara reglna varðandi búsetu í íbúð og viðmið um tekjumörk sl. árs.

Hér er einkum átt við sérstök tilvik, s.s.:

- a) þegar maki hefur fallið frá árinu og tekjur lækkað verulega.

- b) ef um skyndilega örorku er að ræða sem hefur veruleg áhrif til lækkunar tekna.
- c) einnig er heimilt að lækka fasteignaskatt í allt að 3 ár hjá þeim sem flutt hafa úr eigin íbúð á öldrunarstofnun en eiga áfram íbúð sem ekki er leigð út eða nýtt af skyldmennum.

IV. Umsókn

5. gr.

Afsláttur samkvæmt 3. gr. til ellilífeyrisþega skal reikna við álagningu og er birtur á álagningarseðli.

Örorkulífeyrisþegar fá afslátt samkvæmt 3. grein gegn framvísun örorkuskírteinis.

6. gr.

Bæjarstjórn Ölfuss endurskoðar tekjumörk í janúar ár hvert.